

BMF-2017-03 Vakinn – gæðavottun

Sótt er um styrk til að byggja upp og styrkja ferðapjónustufyrirtæki umsækjanda með þátttöku í gæðavottuninni Vakanum. Markmið Vakans er að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðapjónustu með handleiðslu og stuðningi, jafnframt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð innan greinarinnar. Gæðakerfið er fyrir þann hluta Vakans sem snýr að allri þjónustu við ferðamenn annarri en gistingu, byggir á almennum og sértækum gæða viðmiðum. Þátttaka í gæðastarfi sem þessu eykur öryggi og tryggir gæði veittrar þjónustu og er því í samræmi við stefnu Brothættra byggða að markaðslegar og rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar. Því er þátttaka í Vakanum líkleg til árangurs og tryggir að þekking og reynsla sé til staðar.

Verkefninu var úthlutað 400.000 kr. árið 2017.